



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2013

## **Sölubann á ljóshærðu dúkkuna Önnu frá Drífu ehf.**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

Þann 22. ágúst 2013 komu starfsmenn Neytendastofu í verslunina Thorvaldsensfélagið, að Austurstræti 4, 101 Reykjavík, og kannaði merkingar á leikföngum, á grundvelli ábendingar sem stofnunni barst. Með bréfi Neytendastofu til verslunarinnar, dagsett 16. september 2013, var lagt tímabundið sölubann á leikfangið, ljóshærð dúkka Anna, sem framleidd er af yður, og gerð krafa um afhendingu gagna þar sem hún fullnægði ekki þeim skilyrðum sem sett eru í lögum og reglum settum samkvæmt þeim um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra. Þar sem engin gögn bárust innan tilskilins frests var hið tímabundna sölubann framlengt með bréfi Neytendastofu til verslunarinnar, dagsett 17. október 2013, og veittur frekari frestur til andsvara. Auk þessa var yður sent bréf sama efnis þann 21. október 2013. Með tölvubréfi þann 28. nóvember 2013 staðfesti verslunin Thorvaldsensfélagið að nefnt leikfang hefði samstundis verið tekið úr sölu í verslun þeirra. Með tölvubréfi þann 29. nóvember 2013 staðfestuð þér einnig að varan væri ekki lengur til sölu í verslunum.

### **II.**

#### **Niðurstaða**

#### **1.**

Mál þetta varðar skoðun Neytendastofu þann 22. ágúst 2013, í Thorvaldsensfélaginu, að Austurstræti 4, 101 Reykjavík, á merkingum leikfanga í versluninni, á grundvelli ábendingar sem stofnuninni barst.



Samkvæmt lögum nr. 62/2005 annast Neytendastofa framkvæmd laga um eftirlit með lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Samkvæmt reglugerð nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga, fer Neytendastofa m.a. með skipulegt eftirlit með vörum á markaði, þ.á.m hvort að hún samræmist sérstökum eða almennum kröfum sem gerðar eru til viðkomandi vöru.

Um eftirlit Neytendastofu segir m.a. í 11. gr. laga nr. 134/1995:

*„Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.*

*Neytendastofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúrræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.“*

Í lögnum, svo og reglum settum samkvæmt þeim eru einnig ítarleg ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila, en þar segir m.a:

Í 2. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 segir m.a.

*„Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru. Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Nánar fer einnig um markaðseftirlit Neytendastofu eftir ákvæðum í reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum ÍST EN 71-1, lið 1, Öryggi leikfanga - Hluti 1: Krafrænar og efnislegir eiginleikar, kemur fram að mjúkdýr, einföld að lögun, sem ætlast er til að haldið sé á og þau föðmuð eru skilgreind sem leikföng fyrir börn yngri en 36 mánaða.

Þá kemur fram í lið 5, í sama staðli, að leikföng s.s. mjúkdýr, sem ætluð eru börnum yngri en 36 mánaða eigi að vera hönnuð og framleidd á þann hátt að hægt sé að þvo þau og að þau eigi að viðhalda eiginleikum sínum eftir þvott. Framleiðandi á og einnig að merkja vöruna, ef við á, með þvottaleiðbeiningum.



Að lokum kemur ennfremur fram í lið 7, í fyrrnefndum staðli, að framleiðendur og innflytjendur skuli tryggja að á leikföngum séu leiðbeiningar og öryggisupplýsingar á því tungumáli sem neytendur eiga auðvelt með að skilja.

Í framangreindum staðli eru auk þess ákvæði sem eiga við allar gerðir leikfanga, þ.m.t. leikfanga sem ekki geta talist vera mjúkdýr.

Um leikföng gildir einnig m.a. eftirfarandi ákvæði:

Í 7.gr. reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar nr. 408/1995 segir m.a.

*„Eingöngu er heimilt að setja á markað leikföng sem merkt eru með CE-merki.... Á leikfanginu skal einnig vera nafn framleiðandans og merki ásamt heimilisfangi eða nafn og merki ábyrgðaraðila með heimilisfangi. Upplýsingar þessar skulu settar á leikfangið eða umbúðirnar og vera skýrar, læsilegar og óafmáanlegar. Þegar leikföng eru smágerð eða sett saman úr litlum hlutum er heimilt að setja þessar upplýsingar á merkimiða eða í notkunarleiðbeiningar. Óheimilt er að setja merki eða áletranir á leikföng sem rugla má saman við CE-merkið.“*

Við fyrrgreinda skoðun í versluninni Thorvaldsensfélagið kom í ljós að eitt leikfang var þar til sölu frá yður þar sem tilskildar merkingar voru ekki til staðar. Leikfangið sem hér um ræðir er „ljóshærða dúkkan Anna, strikamerki / vörunúmer: 7052890428016“, framleiðandi Drífa ehf. Uppfyllir hún ekki þær kröfur sem gerðar eru til hennar, sbr. lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglugerð nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, og staðli ÍST EN 71 en á ofangreinda vöru vantaði CE-merkingu, framleiðsluland og þvottaleiðbeiningar.

## 2.

Með fyrrgreindu bréfi, dagsett 16. september 2013, var Thorvaldsensfélaginu send tilkynning þess efnis að tímabundið sölubann yrði sett á ofangreinda vöru þar sem CE-merki vantaði á hana, framleiðsluland og þvottaleiðbeiningar. Var verslunin beðin um að láta birgja sinn vita væru hún ekki framleiðandi vörunnar auk þess sem Neytendastofa fór þess á leit við hana að stofnuninni yrðu afhent nánar tiltekin gögn, sem sýndu fram á öryggi leikfangsins, innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins. Að fjórum vikum liðnum höfðu engin gögn borist Neytendastofu vegna ofangreinds leikfangs. Samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. og einnig 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, hefur Neytendastofa heimild til þess að framlengja tímabundið sölubann um allt að fjórar vikur. Með bréfi, dagsett 17. október 2013, framlengdi Neytendastofa því hið tímabundna sölubann um fjórar vikur og veita frekari frest til að skila inn gögnum. Þá var einnig



tekið fram að Neytendastofa myndi að fjórum viknum liðnum taka ákvörðun um það hvort taka ætti vöruna varanlega af markaði. Auk þessa var yður sent bréf sama efnis þann 21. október 2013.

Af þessu leiddi að fjarlægja bar öll óseld eintök umræddrar vöru af markaði svo tryggt væri að markaðssetning þess væri tafarlaust stöðvuð. Þá var einnig tekið fram að hið sama ætti við hjá endursöluaðilum sem verslunin kynni að vera í viðskiptum við. Þá lagði Neytendastofa áherslu á að reglur um öryggi leikfanga ættu við öll leikföng og áréttaði það sérstaklega að þó svo að bann þetta tiltæki aðeins ákveðna gerð leikfangs í versluninni þá ættu sömu reglur við um aðrar gerðir leikfanga með sömu ágalla og fyrrgreind vara. Að lokum var þeim tilmælum beint til verslunarinnar að láta birgja sinn vita um hið tímabundna sölubann og ástæður þess ef verslunin væri ekki sjálf framleiðandi viðkomandi leikfangs.

Með fyrrgreindum bréfum upplýsti Neytendastofa um það að framleiðandi vöru bæri ábyrgð á að samræmisýfirlýsing, sbr. 13. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, og að önnur viðeigandi tækniskjöl hafi verið gerð fyrir leikföng í samræmi við lög og reglur sem gilda um öryggi vöru og ber framleiðendum og dreifingaraðilum að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. CE-merki er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum (sjá nánar um gerð og notkun merkisins í ákvörðun Evrópuráðsins 93/465/EBE). Þess var kafist af hálfu Neytendastofu að slíkar upplýsingar yrðu lagðar fram eins fljótt og unnt væri.

Við rannsókn málsins var Neytendastofu tjáð að ofangreind vara hefði verið fjarlægð úr verslun Thorvaldsensfélagsins. Var þetta staðfest með tölvubréfi Thorvaldsensfélagsins til Neytendastofu þann 28. nóvember 2013 og með tölvubréfi frá yður til Neytendastofu þann 29. nóvember 2013.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefnd vara uppfylli ofangreind skilyrði verður að telja að varan sé ekki örugg í skilningi 8. gr. laga nr. 134/1995, og reglugerðar nr. 408/1994. Neytendastofa telur því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. sömu laga og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994, ekki hjá því komist að banna hér með, varanlega, alla sölu og afhendingu leikfangsins.

Sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar og gildir um óákveðinn tíma. Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðað það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Framleiðandinn Drífa ehf., að Suðurhrauni 12c, 210 Garðabæ, hefur ekki sýnt fram á öryggi leikfangsins, ljóshærð dúkka Anna, með viðeigandi gögnum. Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, leggur Neytendastofa leggur hér með sölubann á ofangreinda vöru. Sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 4. desember 2013

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Helga Sigmundsdóttir  
lögfræðingur